




## Dalvegur 32A.

Dags. 5. desember 2024

Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi fyrir LED auglýsingaskilti. – Rýni umsóknar

Byggingarfulltrúi óskar eftir umsögn skipulagsdeildar skráð dags. 11. nóvember 2024 vegna byggingarleyfisumsóknar lóðarhafa um LED auglýsingaskilti á suðurhlíð hússins að Dalvegi 32A.

Lóðarhafi Dalvegur 32 óskar eftir að fá að setja um 22.1m<sup>2</sup> (3.84m x 5.76m) auglýsingaskilti vestan megin á suður hlíð hússins að Dalvegi 32A til að kynna starfsemi leigutaka og eigenda fasteignarinnar. Fyrirhugað er að selja auglýsingar í laus pláss á skiltið þegar það er ekki fullbókað af rekstraraðilum á Dalvegi og eigendum hússins. Á bilinu 25-100% af birtingartíma fer til þessara aðila en laus pláss seld til þriðja aðila. Umsókn og uppdættir dags. 4. október 2024.





Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 28. September 2021 og staðfest 28. desember 2021. Landnotkun fyrir umrædda lóð er skilgreind í ASK sem verslun og þjónusta VP-10.

**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulagið Smárinns- Dalvegur 32, verslunar og þjónustuvæði samþykkt í bæjarráði Kópavogs 2. maí 1989 með síðari breytingum, Dalvegur 32A, B og C birt í b-deild Stjórnartíðinda 17. júlí 2024.

Sbr. lið 13 um skilti á lóð og byggingum í greinargerð skilmála gildandi deiliskipulags, í kafla um skilti á lóð og lið 13- reitur 3 sérákvæði eru þjónustuskilti heimiluð á byggingum og lóð. Auglýsingaskjái eru óheimilir á byggingum og lóð.

Greinargerð í skilmálum:

**13. SKILTÍ Á LÓÐ OG BYGGINGUM.**

Er bætt við:

*Þjónustuskilti eru heimiluð á byggingum og lóð. Auglýsingaskjái eru óheimilir á byggingum og lóð. Óheimilt er að lýsa skilti með blikkandi lýsingu. Lýsing skal vera óbein og samfelld og komið fyrir þannig að hún lýsi beint á skilti eða sé innbyggð í skilti og lýsi ekki beint á götu, stiga eða aðliggjandi lóðir. Gegnsæ skilti (e. internally lit box signs) með innri lýsingu skulu vera dimmanleg og klukkustýrð þannig að tryggt sé að lýsing valdi hvorki ljósmengun nágrönnum til óþæginda né truflí umferð utan lóðar. Þinglýsa skal kvöðum á lóðirnar vegna framangreinds skilyrðis fyrir útgáfu byggingarleyfis.*

**Skilti á lóð.**

Heimilt er að vera með skilti á lóð og á byggingum líkt því og kemur fram í sérákvæðum.

Reitur 3, sérákvæði:

**13. SKILTÍ Á LÓÐ OG BYGGINGUM.**

Leiðbeinandi staðsetning skilta á lóð er sýnd á uppdrætti. Þar sem þau eru nálægt veghelgun Reykjanesbrautar þurfa þau umsögn Vegagerðar áður en sótt er um byggingarleyfi. Þjónustuskilti eru heimiluð á byggingum en þurfa að hljóta afgreiðslu skipulagsráðs þegar byggingaráform eru lögð fram. Þjónustu- og auglýsingaskilti eru ekki heimiluð á þökum bygginga. Þjónustuskilti eru heimiluð á byggingum og lóð. Auglýsingaskjái eru óheimilir á byggingum og lóð. Óheimilt er að lýsa skilti með blikkandi lýsingu. Lýsing skal vera óbein og samfelld og komið fyrir þannig að hún lýsi beint á skilti eða sé innbyggð í skilti og lýsi ekki beint á götu, stiga eða aðliggjandi lóðir. Gegnsæ skilti (e. internally lit box signs) með innri lýsingu skulu vera dimmanleg og klukkustýrð þannig að tryggt sé að lýsing valdi hvorki ljósmengun nágrönnum til óþæginda né truflí umferð utan lóðar. Þinglýsa skal kvöðum á lóðirnar vegna framangreinds skilyrðis fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Sbr. 1. mgr. 90 gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þarf lóðarhafi að sækja um heimild til veghaldara Reykjanesbrautar fyrir uppsetningu skilta á byggingu.

Niðurstaða

Ekki er fallist á erindið. Óheimilt er að setja auglýsingaskjá í byggingu og lóð Dalvegur 32 sbr. lið 13. í sérákvæðum gildandi deiliskipulags. Ekki yrði gerð athugasemd við þjónustuskilti sem eingöngu veitir upplýsingar um starfsemi og/eða þjónustu viðkomandi fyrirtækis í húsinu í samræmi við skilmála um þjónustuskilti sem fram koma í umsögn hér að ofan, enda liggi fyrir samþykki vegagerðarinnar skv. 90. gr. umferðalaga nr. 77/2019.